

A 1718/præsídiet

Flutningur Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla Forsætisnefnd

**Þingmannatillaga
um aukið norrænt samstarf í Norður-Ameríku****Tillaga**

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún vinni stefnumótandi greiningu á starfi sem unnið er að varðveislu og viðhaldi á sameiginlegum menningar- og söguarfi Norðurlandþjóða í Norður-Ameríku og leggi fram aðgerðamiðaða tillögu um hvernig norræn stjórnvöld geta þróað áfram og eftl norrænt samstarf á þessu sviði á næstu 5–10 árum.

Forsaga

Allt frá örófi alda hefur mannfólkið hleypt heimdraganum í leit að betra lífi. Styrjaldir, efnahagskreppur og pólitísk átök, náttúruhamfarir og ný tækifæri hafa kallað fram fjöldaflutninga fólks frá einu svæði til annars og valdið miklum lýðfræðilegum breytingum í heiminum.

Þeir miklu straumar flóttafólks sem við sjáum í dag, ekki síst frá Sýrlandi, Miðausturlöndum og Afríku, eru ekkert einsdæmi í mannkynssögunni. Á tímabilinu 1840–1914 streymdi fólk frá Evrópu til annarra heimsálfa. Rúmlega 50 milljónir Evrópubúa héldu til Bandaríkja Norður-Ameríku og Kanada. 309 þúsund vesturfara komu frá Danmörku, 754 þúsund frá Noregi, 1.105 þúsund frá Svíþjóð, 17 þúsund frá Íslandi¹ og að minnsta kosti 380 þúsund frá Finnlandi.²

Fólksflóttinn setti mark sitt á Norðurlöndin og skipti miklu fyrir sögu og menningu landanna. Næstum þriðjungur Norðurlandabúa fluttist á brott á þessum árum og fjölskyldur sundruðust. Ný norræn samfélög voru reist í Bandaríkjunum og Kanada og varðveittu sterk tengsl við Norðurlöndin – efnahagslega, menningarlega og pólitískt.

¹ Skandinavernes samt islendingenes udvandring til Amerika i perioden 1840-1914, Þorbjörg Erla Sigurðardóttir, Nordens historie og samfund, Háskóli Íslands 2013, <http://vefir.hi.is/norma/files/2013/10/Skandinavernes-udvandring-til-Amerika-1840-1914.pdf>

² Finlands historie, Wikipedia, https://da.wikipedia.org/wiki/Finlands_historie



12 milljónir manns í Bandaríkjunum³ og Kanada⁴, eða um 4% íbúanna, skrá sig í dag sem afkomendur Norðurlandabúa. Fjölskyldur sem rekja ættir sínar til Norðurlanda skipta miklu máli fyrir tengsl Norðurlanda við Bandaríkin og Kanada. Þrátt fyrir að Atlantshafið skilji löndin að eigum við sameiginlega sögu og menningararf sem rekja má margar aldir aftur í tímann.

Ýmsar stofnanir vinna að því að varðveita tengsl þessa fjölskyldna við upprunalöndin, einkum í ferðaþjónustu, viðskiptum og samstarfi á sviði þekkingar, menningar og sögu. Allavega tvær stofnanir vinna að tengslum við Norðurlöndin í heild sinni með áherslu á norrænan menningararf. American-Scandinavian Foundation (ASF) er stærsta stofnunin. Hún var stofnuð árið 1911 og er til húsa í Scandinavian House í New York. ASF leggur áherslu á samstarf milli Bandaríkjanna og Norðurlanda á sviði menningar, fræða og þekkingar og hefur stofnunin notið fjárveitingar frá Norrænu ráðherranefndinni á undanförunum áratugum⁵.

Hin stofnunin, Nordic Heritage Museum í Seattle, fæst við norrænan menningararf í Bandaríkjunum og stendur að sýningum, viðburðum og samkomum⁶.

Jafnaðarmenn í Norðurlandaráði telja mikilvægt að varðveita og efla söguleg og menningarleg tengsl milli íbúa Norðurlanda og íbúa Norður-Ameríku sem eiga rætur að rekja til Norðurlanda. Það er ekki síst mikilvægt nú þegar straumar flóttafólks leita til Evrópu, Norður-Ameríku og víðar um heim. Við þurfum að minna okkur á þá kosti sem fyrri straumar flóttafólks höfðu í för með sér.

Aukin áhersla á samskipti milli Norðurlanda og íbúa Norður-Ameríku, sem eiga rætur að rekja til Norðurlanda, er í góðu samhengi við alþjóðlega kynningu á Norðurlöndum sem unnið er að í norrænu samstarfi en einnig vaxandi áhuga umheimsins á norræna líkaninu.

Að lokum er mikilvægt að viðurkenna og taka tillit til þeirrar staðreyndar að erfiðara verður að halda uppi samskiptum milli Norðurlandabúa beggja megin Atlantshafsins eftir því sem lengri tími líður frá fólksflutningunum, ekki síst ef tengslin rofna. Því er tímabært að bregðast við!

Jafnaðarmenn í Norðurlandaráði telja að aukin áhersla á samskipti við íbúa í Bandaríkjunum og Kanada, sem eiga rætur að rekja til Norðurlanda, eigi að byggja á nánu samstarfi við aðila sem sinna þessum málum í dag, ekki síst samskiptum milli

³ Scandinavian Immigration, U.S. Immigration and Migration Reference Library, 2004,

<http://ic.galegroup.com/ic/uhic/ReferenceDetailsPage/DocumentToolsPortletWindow?displayGroupName=Reference&jsid=4a357aa caea49ab408baece5f1ed877b&action=2&catId=&documentId=GALE%7CCX3436800020&u=beth65358&zid=d0ecef7a5b5315a8cb5e ffd29ddec5e>

⁴ Scandinavian Canadians, Wikipedia, https://en.wikipedia.org/wiki/Scandinavian_Canadians

⁵ American-Scandinavian Foundation, <http://www.amscan.org/>

⁶ Nordic Heritage Museum, <https://nordicmuseum.org/>



einstakra landa og hafa góða þekkingu á því hvernig best er að haga starfinu og hvar er þörf á stuðningi.

Einnig væri athyglisvert að kanna hvort stofnanir sem sinna tengslum við einstök lönd hafa áhuga á að hefja norrænt samstarf eða stuðla á annan hátt að því að efla samskipti milli Norðurlandabúa og íbúa Norður-Ameríku sem eiga rætur að rekja til Norðurlanda.

Ósló, 24. janúar 2017

Erkki Tuomioja (sd)

Eva Sonidsson (S)

Gunvor Eldegard (A)

Hege Haukeland Liadal (A)

Ineqi Kielsen (S)

Irene Johansen (A)

Johan Andersson (S)

Jorodd Asphjell (A)

Karen J. Klint (S)

Karin Gaardsted (S)

Lars Mejern Larsson (S)

Lennart Axelsson (S)

Maarit Feldt-Ranta (sd)

Orla Hav (S)

Peter Johnsson (S)

Phia Andersson (S)

Pyry Niemi (S)

Rikard Larsson (S)

Ruth Mari Grung (A)

Sonja Mandt (A)

Tony Wikström (ÅSD)

Ville Skinnari (sd)